



Morgunblaðið/Hari

Spök Þórdís Aðalsteinsdóttir við hlið eins nýrra málverka sinna í listhúsinu Tveimur hröfnum.

Reykingapartý með rækjukokteil í kvöld?

● Þórdís Aðalsteinsdóttir sýnir í Tveimur hröfnum

Þetta símtal gæti verið hljóðritað er yfirskrift sýningar á verkum Þórdísar Aðalsteinsdóttur sem opnuð verður í dag kl. 17 í listhúsinu Tveir hrafnar að Baldursgötu 12. Þórdís hefur búið í New York frá því hún lauk myndlistarnámi frá School of Visual Arts árið 2003 og hefur hún meðal annars unnið með hinu virta Stux gallerí þar í borg en sjöunda einkasýning hennar var opnuð í gall-erfinu nú í september. Þá hafa verk Þórdísar verið sýnd víða um heim, í söfnum og galleríum og hefur hún hlotið fjölda viðurkenninga og tilnefninga fyrir listaköpun sína og má af þeim nefna Carnegie-verðlaunin sem hún hlaut árið 2008.

Þórdís er spurð að því hvers vegna hún hafi valið þennan titil á sýninguna og svarar hún því til að eftirlitsmyndavélar og snjallsímar komi nokkuð við sögu í verkum hennar á

sýningunni sem og þeim sem hún sýnir í New York. „Bara upptökur í rauninni, þetta er frekar „basic“,“ segir hún kímín, „þar sem stundum er sögð þessi setning: Vinsamlega athugið að þetta símtal gæti verið hljóðritað.“ Þórdís segir verk sín oft fjalla um einangrun og að nú hafi bæst við tæknileg einangrun.

Með einn og hálfan fót á Íslandi

Þórdís hélt síðustu einkasýningu sína hér á landi árið 2006, í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Listsköpun hennar hefur þó ekki tekið neinum stórvægilegum breytingum en þó einhverjum, að hennar sögn. Hún hefur verið með annan fótinn á Íslandi síðastliðin tvö ár, eða „einn og hálfan fót“, eins og hún lýsir því og því hálfan fót í New York.

Þórdís segist mikið hafa sýnt í New York en einnig í Danmörku, Taívan, á

Taílandi og í Los Angeles. „Það gengur svona upp og niður,“ svarar Þórdís og hlær þegar hún er spurð að því hvort verk hennar hafi selst vel og henni tekist að lifa á listinni.

Vísanir í verkin

Í sýningarskrá má finna texta eftir Þórdísi þar sem stendur meðal annars: „Er kaffið fyrir einn eða fyrir tvo í dag? Sú sífellda spurning hefur brotið mig algjörlega niður. Og svo reykingapartý með rækjukokteil í kvöld? Fáum við pössun eða er það ég sem fór ekki í pössun og allir eru að reykja og hakka í sig rækjusalat?“ Þórdís er spurð að því hvernig þessi texti tengist verkum hennar. „Hver setning hefur einhverja vísun í verkin og þetta er „random“ hugsun, ekki útskýring á verkunum,“ segir hún. Fólk muni tengja textann við verkin á sýningunni. helgisnaer@mbl.is